

Ed.

97. Frumvarp til laga

[89. mál]

um breytingu á lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins nr. 97/1961, sbr. lög nr. 60/1964 og lög nr. 5/1967.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

B-liður 1. gr. orðist þannig:

B. Af hálfu fiskkaupenda:

3 fulltrúar tilnefndir af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

1 fulltrúi tilnefndur af Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda.

1 fulltrúi tilnefndur af fiskvinnslustöðvum á vegum S.Í.S.

1 fulltrúi tilnefndur af Samlagi skreiðarframleiðenda.

3 fulltrúar tilnefndir af Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi.

1 fulltrúi tilnefndur af stjórn Síldarverksmiðja ríkisins.

2 fulltrúar tilnefndir af Síldarverksmiðjusatökum Austur- og Norðurlands.

3 fulltrúar tilnefndir af Félagi síldarsaltenda á Suðvesturlandi.

3 fulltrúar tilnefndir af Félagi síldar- og fiskimjölsverksmiðja á Suður- og Vesturlandi.

2. gr.

Fyrri málsg. 3. gr. orðist þannig:

Fiskideild.

Þegar ákveða skal verð á sjávarafla, öðrum en þeim, sem tilgreindur er í 4. og 5. gr., skal Verðlagsráð skipað 6 fulltúum fiskisöluaðila samkv. 1. gr. og 6 fulltrúum fiskkaupenda þannig: 3 frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, 1 frá Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda, 1 frá fiskvinnslustöðvum á vegum S.Í.S. og 1 frá Samlagi skreiðarframleiðenda.

3. gr.

4. gr. orðist þannig:

Síldarsöltunardeild.

Þegar ákveða skal verð á síld til söltunar, skal Verðlagsráð skipað 6 fulltrúum fiskisöluaðila samkv. 1. gr. og 6 fulltrúum fiskkaupenda þannig: 3 frá Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og 3 frá Félagi síldarsaltenda á Suðvesturlandi.

4. gr.

Við bætist ný grein, sem verður 5. gr., svo hljóðandi:

Bræðsludeild.

Þegar ákveða skal verð á síld og loðnu til bræðslu, svo og öðrum fiski, sem veiddur er eingöngu eða að verulegu leyti til bræðslu, skal Verðlagsráð skipað 6 fulltrúum fiskisöluaðila samkv. 1. gr. og 6 fulltrúum fiskkaupenda þannig: 3 frá Félagi síldar- og fiskimjölsverksmiðja á Suður- og Vesturlandi, 2 frá Síldarverksmiðjusatökum Austur- og Norðurlands og 1 frá Síldarverksmiðjum ríkisins.

Ákveða má með reglugerð, að skipta verðlagningu samkv. 4. og 5. gr. í verðlagssvæði.

5. gr.

2. málsgrein 7. gr. sem verður 8. gr., orðist þannig:

Skal Verðlagsráð leitast við að ná samkomulagi um lágmarksverð fisktegunda. Verðlagsráð ákveður sjálfst verðlagstímabil.

6. gr.

Fella skal breytingar þessar inn í lögín og gefa þau þannig út í heild.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af Verðlagsráði sjávarútvegsins og lagt fram að ósk þess.

Tilgangurinn með breytingum þeim, sem lagðar eru til, er að auka hagkvæmni í störfum Verðlagsráðsins. Byggjast tillögurnar á 12 ára reynslu ráðsins svo og ýmsum breytingum, sem orðið hafa á veiðum og vinnslu á þessu tímabili.

Megin breytingar á skipulagi ráðsins samkvæmt frumvarpinu eru þessar:

Lagt er til, að síldardeildir ráðsins verði lagðar niður í því formi, sem þær eru nú. Í stað þeirra kæmu tvær nýjar deildir. Í fyrsta lagi síldarsöltunardeild, sem annast alla verðlagningu á síld til söltunar, hvort sem hún er veidd við Suður- og Vesturland, Norður- og Austurland eða á fjarlægum miðum til löndunar héraðs, en lögín kveða nú ekki á um það, hvaða deild ráðsins skuli annast þá verðlagningu. Hefur það orðið úr við verðlagningu síldar af fjarlægum miðum til löndunar héraðs, að báðar síldardeildir ráðsins hafa verið kvaddar til sameiginlegs fundar, en það þykir þungt í vöfum. Í öðru lagi bræðsludeild, er ákveði verð á síld og loðnu til bræðslu, svo og öðrum fiski, sem veiddur er eingöngu eða að verulegu leyti til bræðslu. Síðan lög um Verðlagsráð sjávarútvegsins voru sett, hefur hafist veiði á ýmsum öðrum fisktegundum en síld til bræðslu, svo sem loðnu, spærlingi, kolmunna og makríl. Í lögum Verðlagsráðs er eingöngu kveðið á um verðlagningu síldar í bræðslu, en verðlagningin hefur farið fram í annarri hvorri síldardeildinni eftir því hvar síldin hefur veiðst. Hins vegar eru engin ákvæði um verðlagningu annars fisks eða síldar, sem veidd er á fjarlægum miðum til löndunar á Íslandi til bræðslu. Hafa báðar síldardeildir í mörgum tilfellum verið kallaðar sameiginlega til þess að ákveða verð á bræðslufiski öðrum en síld. Þykir rétt að sérstakri deild verði falið að ákveða verð á öllum bræðslufiski.

Þá felur frumvarpið það í sér, að verðlagning síldar til frystingar fari fram í fiskideild. Leiðir það af því, að ekki er gert ráð fyrir að fulltrúar frystiiðnaðarins eigi aðild að síldarsöltunardeild eða bræðsludeild.

Gera má ráð fyrir, að þessi breyting hafi einhvern sparnað í för með sér, þar sem þá verður hætt að kveðja saman tvær deildir til sömu verðlagningar.